



CQ TF



4. tölublað 16. árgangur september 1998

CQ TF er félagsblað ÍRA sem er landsfélag Íslenskra Radíóamatöra.

ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radíóamatöra I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radíóamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radíófjarskipta.
- Örva radíóþróttir meðal radíóamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 1998-1999 eru:

Formaður:

Haraldur Þórðarson TF3HP

Varaformaður:

Heimir S. Jónsson TF3TXT

Ritari:

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VST

Gjaldkeri:

Guðjón H. Egilsson TF3WOT

Spjaldskrárritari:

Bjarni Sverrisson TF3GB

Varamaður:

Friðrik Kristjánsson TF3FK

Varamaður:

Halldór Christensen TF3GC



TF5S Stefán Þórhallsson við endurvarpann Tóta.
Myndina tók TF5BW

Meðal efnis í þessu blaði:

Frá formanni	2
Fundargerðir stjórnarfundna	3
DX Hornið	5
Endurvarpinn Tóti komin til starfa	6
TF3RS Hljónaður lykill	8
Heimsókn hjá TF3RA í Reykjavík	12
Til sölu / Óskast	13
Úr Ýmsum áttum	15

ÍRA hefur félagsaðstöðu í félagsmiðstöðinni Próttheimum Holtavegi 11 Reykjavík og eru fundir á hverju fimmtudagskvöldi. Póstfang ÍRA er: Íslenskir Radíóamatörar, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. ÍRA er með talhólf símanúmer þess er 881 2158 ÍRA er með heimasíðu á internetinu og er slóðin þangað <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið, amatörradíó og netútgáfu af CQ TF. Ritstjóri CQ TF er Brynjólfur Jónsson TF5BW.

Frá formanni

Húsnæði fyrir Í.R.A.

Núna að loknu sumri eru húsnæðismál félagsins í raun í sömu sporum og áður og því miður verður að segjast að framtíðarlausn á þeim er ekki í sjónmáli.

Varðandi Þrótttheima er það helst að segja að Reykjavíkurborg hefur ekki enn selt húsið og á meðan fáum við að vera með aðstöðuna. En gætum þurft að ríma það með skömmum fyrirvara.

Ljósastaurarnir við fótboltavöllinn voru seldir íþróttafélaginu í Hveragerði og fyrir þeirra velvild fáum við að halda einum þeirra eftir þannig að bímið þarf ekki að fara niður strax.

Framkvæmdir við svæðið hefjast nú í september.

Stjórnin hefur kannað nokkra möguleika á framtíðarhúsnæði en því miður verður að segjast eins og er að ekkert hefur komið út úr þeirri könnun og viðræðum. Við höfum rætt við ÍTR varðandi húsnæði og eru frekari viðræður fyrirhugaðar. En frekar á ég von á því að þær verði árangurslitlar vegna þess að þeir hafa litla möguleika á útvegum húsnæðis.

Stjórnin hefur rætt um leiðir til þess að gera félagið meira áberandi hjá ÍTR og hefur nokkur undirbúningur þegar átt sér stað og verður það vonandi kynnt fyrir forráðamönnum þrótttheima nú í september.

Endurvarpar.

Endurvarpinn á Vaðlaheiði var settur upp í sumar og eftir ýmsa örðuleika vegna RF flæðis um húsið tókst að koma þessu í viðunandi horf en endurbætur og prufanir eiga sér þó stað og hafa þeir Þór TF3GW, Brynjólfur TF5BW, Stefán TF5S og Bárður TF5BG aðallega staðið í þessu og sagði Billi

mér að allt væri þetta í rétta átt.

Búri hefur verið í gangi líka og eftir að “krossbänderinn” var settur upp í Bláfjöllum hefur verið auðveldara að nota hann frá Reykjavík og þar með hefur hann komið að notum inn á miðhálandið. Þannig var hægt að hafa samband við Berg TF3BX úr Landmannalaugum og eftir að Villi TF3DX setti upp bandpasssiur hefur verðið enn betra að komast inn á hann en það eru sömu vandræðin með Búrfell og Vaðlaheiðina að þar er allt fljótandi í RFi!

IARU contest.



Undir merkjum Í.R.A. var farið í IARU contestinn og var þar bæði CW og SSB notað. Góður gestur Hillar N6HR kom gagnert frá USA til þess að taka þátt og hafði ómælda ánægju af og nú fyrir stuttu fékk ég skeyti frá honum þar sem fram kom að hann hefur fullan hug á að koma aftur til að taka þátt í contest ef við höfum ekki fegið okkur fullsadda af honum.

Auk Hillars tóku þátt TF3GB TF3DX og TF3HP. Rúmlega 1100 sambönd náðust og telst það vel viðunandi. Hillar tók að sér að láta útbúa QSL kortin og það á sinn kostnað og fyrir stuttu sendi hann sýnishorn og á framhliðinni er mynd af siglandi ísjökum. Mjög fallett kort.

IOTA contest.

TF3HP og TF3GW tóku þátt í þessum contest og náðust rúmlega 400 sambönd en því miður fengust engir cw menn til þátttöku. Enda þessi tími mjög óhentugur.

Knarrarósviti.

TF3GC, TF3FK, TF3VST TF3AO og TF3HP fóru Framhald á síðu 4

Fundargerðir stjórnarfunda

Stjórnarfundur haldinn í Þróttheimum miðvikudaginn 6. Maí 1998 kl. 21. Allir stjórnarmenn mættir.

Rætt um húsnæðismál og framtíð félagsins í Þróttheimum.

Rætt um kynningarstarf á amatörradíói í félagsmiðstöðvum ÍTR í Reykjavík. Spunnust allmiklar umræður þar af og var efnið rætt frá ýmsum hliðum. Var afráðið að undirbúa málið í sumar og kynna Íprótta- og tómsundaráði með samvinnu í huga og auglýsa í haust þær upptökur sem ákveðnar verða.

Það sem vænlegast þykir og þarf að kanna betur er m.a.:

a. Refaveiðar, þær gætu verið fyrst innan félagsmiðstöðva og síðan milli þeirra.

b. CB fjarskipti, en allmikið er trúlega til af CB stöðvum, ónotuðum á heimilum. Væri mögulegt að setja upp slíkar stöðvar í félagsmiðstöðvum til að kynna unglíngunum fjarskipti.

c. Kynning á tölvusamskiptum með fjarskiptum, en trúlega er ekki flókið aðmástilla upp slíkum búnaði með CB stöðvum.

d. Kynningardagar á starfsemi amatöra, starfrækja stöðvar bæði á morsi, talsambandi og fjarritun af öllu tagi þar sem unglíngarnir gætu skoðað og spurt.

e. Smíðanámskeið, þar sem unglíngarnir gætu sett saman viðtæki með leiðsögn amatöra, gæti t.d. verið kristalstæki, FM móttakari eða refaleitartæki eftir áhuga og aðstæðum. Félagsmiðstöðvar leggja fram fé til slíkrar starfsemi og gæti dæmigerð skipting á 1500 kr. tilkostnaði skiptst í þrennt á milli unglíngs, ÍTR og ÍRA.

f. Nýliðanámskeið á hefðbundinn hátt, með smíðum og prófi þar sem markmiðið yrði að koma sem flestum í loftið með amatörréttindi.

Þá voru rædd endurvarpamálefni og ákveðið að boða óformlega til fundar á fimmtudegi til að kanna hug sem flestra félagsmanna til málsins.

Fundi lauk um kl. 23

Fundargerð ritaði TF3VST

Stjórnarfundur haldin að Gunnarsbraut 36 miðvikudaginn 3. júní 1998 kl. 21:00.

Mætti vorur: TF3HP, TF3VST, TF3TXT

1. Bréf frá Póst- og fjarskiptastofnun hefur borist félaginu um 6m bandið. Er nú öllum A, B, C og T leyfishöfum frjálst afnot af 50-52MHz, þó með sérstakri aðgæslu vegna nýtingar útvarpsþjónustunnar á rás 2.

2. Bréf frá Flugmálastjórn hefur borist félaginu þar sem leyfi er gefið fyrir staðsetningu endurvarpa á metrabylgju í húsnæði þeirra á Vaðlaheiði, með því skilyrði að ekki verði truflanir á fjarskiptum þeirra og starfsemi.

3. Bréf frá Borgarskjalasafni hefur borist félaginu þar sem vakin er athygli á þeirri þjónustu þeirra að taka til vistunar og skráningar hverskyns gögn félaga og einstaklinga sem gætu haft sögulegt gildi. Að lokinni flokkun og skráningu gagna eru þau aðgengileg félaginu og hverjum þeim sem félagið veitir leyfi til.

Var ákveðið að ganga að þessu boði svo sem ástæða er til, en allmikið magn er í kössum í geymslu, og skal fara þess á leit við TF3RJT að hann hafi umsjón með framkvæmd verksins fyrir félagið.

4. Formaður hefir frétt á skotspónum að Radíóskátum hafi borist beiðni um að halda úti fjarskiptum á Landnemamóti í Viðey í sumar, og muni þeir æskja liðsinnis ÍRA við að starfrækja HF stöð. Var rætt um hvort mætti nýta það sem æfingu í að fara með stöð til Drangeyjar á næsta sumri og þótti það líklegt

5. Formaður mæltist til að stjórnarmenn skiptust á að opna og loka Þróttheimum á fimmtudagskvöldum framvegis, en það hefur mætt um of á fáum. Samþykkt einróma að setja á vaktskiptatöflu og skyldi varaformaður sjá um næsta fimmtudag.

6. Varaformaður bryddaði upp á því að félagið beitti sér fyrir fjölskylduuppákomum þar sem makar og börn/barnabörn félaga yrðu höfð með. Rifjaði formaður upp nokkrar slíkar upptökur sem hann tók þátt í fyrr á öldinni og mælti með slíku. Var afráðið að stefna að Viðeyjarferð, helst sunnudaginn 19. júlí.

7. Ekki hefur frést af starfsemi 17. júní nefndar.

Ákveðið að kanna viðbrögð þeirra og hvetja til einhvern uppákomu til að vekja athygli á starfsemi okkar.

8. TF3VST kynnti möguleika á samþrengun á QSL kortum. Ákveðið að auglýsa eftir þátttöku í næsta CQTF.

Fundi slitið undir miðnætti
Fundargerð ritaði TF3VST

Stjórnarfundur haldin að Gunnarsbraut 36 miðvikudaginn 5. ágúst 1998 kl. 21:00.
Mættir voru TF3HP, TF3GB, TF3TXT og TF3VST.

Formaður rifjaði upp starf undanfarandi vikna, en enginn stjórnarfundur var haldinn í júlí vegna sumarleyfa og anna. Þá var gengið til dagskrár fundarins.

1. Formaður sagði frá símtali við Ásdísi, forstöðumann Þrótttheima. Hún tjáði honum að húsið væri enn óselt og því héldi starfsemi áfram í því í haust eins og verið hefði. Óvíst er hvenær starfslok verða í húsinu. Í framhaldi af því ræddu þau möguleika á að ÍRA kæmi að starfsemi og uppbyggingu æskulýðsstarfs í húsinu. Í framhaldi af þessu var afraðið að tala við TF3HKT og falast eftir ráðleggingum hans varðandi unglingsstarf og jafnframt að kanna uppsetningu á CB stöðvum til tilraunasendinga fyrir unglinga. TF3VST var falið að tala við forsvarsmenn ÍTR um framtíð félagsins í húsinu og kanna fyrirætlanir borgarinnar um framhald Þrótttheima. Þá skyldi hann einnig komast að hvernig framkvæmdaáætlun svæðisins væri.

2. Samþykkt að panta lampa í magnara sem félagið hefur haft að láni til keppni og hafa bilað í vörslu og notkun félagsins.

3. Þá voru rædd námskeiðsmál. Afráðið að stefna að nýliðanámskeiði strax í haust og síðan að A/T námskeiði eftir áramót. TF3HP tali við formann prófnefndar um fyrirkomulag og freisti þess að fá kennara sem gætu tekið saman námsefni fyrir námskeiðið.

4. TF3TXT lagði til að gert verði skilti með merki og nafni ÍRA til að festa á Þrótttheima, ásamt

upplýsingum um fastan fundartíma. Samþykkt.

5. Kynnt bréf frá TF3AO þar sem ÍRA hefur verið úthlutað tíðni fyrir sísenda á 2m tíðni, 144.460; 144.433 og 144.472. Einnig fylgdi með skipulag IARU fyrir 2m bandið eins og það var samþykkt í Tel Aviv 1996. TF3AO vekur athygli á því að sú tíðni sem notuð hefur verið fyrir þakkald hér á landi til þessa er ekki á réttu sviði og mælir hann með 144.850. Samþykkt einróma að fylgja þessu til framtíðar.

Fundi var slitið um kl. 23:00
Fundargerð ritaði TF3VST

Frá formanni frh.

austur í Knarrarósvita og tóku þátt í Vitaleikunum.

Knarrarósviti er austan við Stokkseyri í landi Baugstaða og er 20 metra hár.

Þarna áttum við mjög skemmtilega helgi. Nokkrir amatörar komu í heimsókn til okkar og nutu veðurbliðu sem var alveg einstök.

Var það mál manna að þessi staður væri kjörinn til þess að við gætum haft fjölskylduhátíð fyrir félagsmenn enda er þar góð tjaldaðstaða og stutt í fjöru sem er áhugaverð fyrir börnin okkar eða barnabörn.

Reglugerðin.

Í samráði við Villa TF3DX verður efnt til fundar um reglugerðina núna í haust og verður það auglýst síðar.

Námskeið.

Vonandi verður unnt að halda námskeið núna í haust til nýliðaprófs og eftir áramót fyrir þá sem áhuga hafa á A/T prófi. VILTU KENNA ??? Ef svo er hafðu samband við einhvern úr stjórn.

Því miður hefur ekkert þokast í þá átt að koma kennsluefni yfir á íslensku.

DX Hornið

Skilyrðin

Í sumar hafa skilyrðin verið þokkaleg, ekkert afbragð en stöðug. Með öðrum orðum líkt og í nýafstöðnu lágmarki sólbletta. Allir mínir “skeddar” við ZL komu í gegn. Snemma í júlí fór ég að hlusta á vitatíðnina 14.100 KHz, og það brást aldrei að ég heyrði í ZL6B snemma morguns, oftast vel, S 4-6. Það sýndi mér að skilyrðin voru til staðar, jafnvel þó ég heyrði engan mennskan ZL. Ekki reyndi ég alveg á hverjum degi, en oft í viku. Stundum var vitinn á Nýja-Sjálandi sá eini sem heyrðist að gagni, svo enn og aftur finnst mér að einhver sérstök gengd (mechanism) tengi TF og ZL um fareindahvolfið.

VK hefur heyrst á LP marga morgna, af og til næ ég sambandi þótt veikt sé, en samkeppnin við Evrópu er ójafn leikur, milli þeirra og VK fara 579 þegar hingað er best um 529. Þá sjaldan ég hlustaði síðla morguns eða um hádegi í von um SP til VK, heyrði ég lítið sem ekkert, hreint ekkert í líkingu við það sem var nálægt jafndægri í vor þegar VK4DJ var hér eins og “local stn”.

Skyndileg breyting varð í lok ágúst með sólgosi 24. og róteindaflæði í kjölfar þess. Skilyrðin nánast hurfu hér uppi á hjara veraldar, einn daginn (hef ekki logginn við hendina nú) heyrðust ekki einu sinni útvarpsstöðvar á allri stuttbylgjunni, hvað þá ZL6B! Þegar fyrstu flóktandi merkin fóru að berast frá EU um 2 dögum síðar, mátti heyra að þeir voru í samböndum við JA og VK eins og ekkert væri, þó við heyrðum bara einstaka stöðvar í nærliggjandi löndum, um 319! Enn eitt dæmið um lífsbaráttuna í norðurljósbeltinu!

En enginn er þyrnir án rósa (hm?), í kjölfarið rauk sólarflæðið upp:

dags.	SIF
25. ág	122
26. ág	125
27. ág	135
28. ág	139
29. ág	147
30. ág	163
31. ág	179

1. sep	177
2. sep	163
3. sep	163

Eins og sjá má eru þetta dágóðar tölur (sjá umfjöllun mína um SIF í 2. tbl. 1998)

Enda hafa 15 m og 10 m opnast talsvert, og þrátt fyrir óstöðug skilyrði á 20 m hafa ýmsir góðir DX-ar dottið inn.

Þann 3. september var ég heima um hádegisbil til að athuga með SP til VK. Ég heyrði nokkrara stöðvar, en náði aðeins einum. Kraðak á mig frá USA fylgdi í kjölfarið, og þar í bland kom svo stöð á Filippseyjum, 569 hjá mér og gaf mér 589.

Ég hvet því félagana að reyna skilyrðin á næstunni, spennandi að vita hvort við fáum gott jafndægur þetta haustið.

73 de TF3DX

P.s. laugardaginn 5/9.

Von mín í gær, að hár SFI viti á góð skilyrði þegar truflun frá sólgosinu dvínaði, rættist strax í dag. VK vel inni bæði á LP og SP, og góð merki frá ZL fram að hádegi!

Úr Kyrrahafinu hafði ég í morgun: JR0JCB, ZL3KIM, VK3OZ, VK4WMC, VK3WAC, ZL1JON, VK4LV, VK4XA og ZL2BB. Heyrði VK4EAB, VK6QJ, DS5IPL (559 en átti ekki tíðnina og hvarf) og fleiri, ekki skráðir.

3dx



Endurvarpinn Tóti komin til starfa

Eins og allir vita var, í lok ágúst 1997, sett upp loftnet fyrir endurvarpa á Vaðlaheiði austan Akureyrar. Fljótlega eftir það var settur þar upp radíóviti til könnunar á útbreiðslu merkis frá staðnum.

Undirritaður gerði nokkrar kannanir á útbreiðslu merkja frá radíóvitunum í vor eftir að hafa flýtt framkvæmdum um ásetningu loftnets á einkabílinn. Loftnet var pantað frá Radíóþjónustu Sigga Harðar og ekki var að spyrja að þjónustunni þar, það kom daginn eftir tilklippt og passandi. Það skal tekið fram strax að loftnetið er aftarlega á vinstra fram-bretti bílsins. Sem sagt ekki óskastaðsetning en ég tímdi ekki að bora eitt gat enn á toppinn.

Eftir að loftnetið var komið á var ekki til setunnar boðið og var fyrsta ferðin farin frá Akureyri vestur á Öxnadalsheiði. Ágætis merki var frá Akureyri og upp Hörgárdal en fór að dofna þegar komið var í Öxnadal og hvarf þar fljótlega og ekki heyrðist bofs á Öxnadalsheiði. Þór TF3GW hefur sagt mér að hann hafi heyrt merki frá vitunum á Vatnsskarði vestan Varmahlíðar.

Önnur ferðin var farin nokkru seinn og þá frá Akureyri um Húsavík upp Kísilveg til Mývatns-sveitar og þaðan um Mývatnsheiði, Reykjahverfi og Fljótshéiði til Akureyrar aftur.

Ágætis merki heyrðist frá Akureyri um Víkurskarð og Ljósavatnsskarð þar til beygt var fyrir Kinnar-fjöll á leið til Húsavíkur en þar hvarf það, sem eðlilegt má teljast. Ekkert heyrðist aftur fyrr en komið var í norðurhluta Húsavíkur og innanbæjar þar var besta merkið í hesthúshverfinu ofan við sjúkrahúsið. Ágætis merki heyrðist síðan norðan Húsavíkur á plani sem er á móts við afleggjarann

upp á Húsavíkurfjall.

Eftir þessar athuganir á Húsavík þá forðaði ég mér úr bænum svo að löggan færi ekki að athuga þennan fáráðling sem rúntaði um allar götur bæjarins um kl. 04.00 að nóttu til.

Næst var farið upp Kísilveg og heyrðist ekkert fyrr en komið var upp fyrir bæinn Geitafell og landið var farið að hækka. Þaðan var ágætis merki upp í

Mývatnssveit og í allri sveitinni, sunnan við vatn að minnsta kosti, yfir Mývatnsheiði og lang-leiðina niður í Reykja-hverfi. Síðan heyrðist ekkert, sem er eðlilegt, fyrr en komið var dálítið vestur á Fljótshéiði og þaðan fínt merki til Akureyrar.

Nokkru seinna var tekin sunnudagsrúntur til Dalvíkur og var ágætis merki um alla Dalvík.

Sumarfríinu var eytt í OY landi og að sjálfsögðu var stöðin tekin með og haldið áfram að hlusta fyrir austan Mývatnssveit. Nú, ágætis merki heyrðust töluvert ausur fyrir námaskarð og síðan af og til austur að Dimmu-fjöllum vestari en eftir það ekki bofs.

Með góðfúslegu leyfi Flugmálastjórnar var síðan endurvarpinn Tóti settur upp í húsi þeirra á Vaðlaheiði í byrjun júlí í sumar.

Tóti sendir út á 145.725 MHz og tekur á móti á 145.125 MHz. Kallmerki hans er TF5RPD.

TF3WOT Guðjón, átti leið austur á land um Akureyri og tók hann með sér þangað. Sömu helgina kom TF3AO Ársæll, norður í sumarfrí og var tækifærið að sjálfsögðu notað og farið á heiðina á laugardaginn, á hans fjallabíl, og endurvarpinn settur upp og tengdur. Prófað var lykla hann og sendi hann ID-ið með miklum ágætum en því miður höfðum



Stefán Þórhallsson TF3S/TF5S við endurvarpann

við engan handbæran í bænum til að prófa á móti okkur. Ánægðir með verkið fórum við til baka og Ársæll varð eftir á Svalbarðseyri þar sem þau hjónin voru með íbúð en ég fór til Akureyrar.

Svo kom sjokkið.

Það fór ekki stafkrókur af mótun í gegnum endurvarpann. Hann sendi ID-ið en þó sent væri með 25 vatta stöð í beinni sjónlínu frá Akureyri þá heyrðist ekki agnarögn af tali í gegnum hann. Nú voru góð ráð dýr. Hvað var um að vera. Nú við fórum aftur upp á heiði á sunnudeginum og tókum nú með okkur handstöð til viðbótar stöðinni sem var í bílnum hans Ársæls. Við prufuðum að senda í gegnum endurvarpann á veginum áður en lagt var í brekkuna upp að húsunum. Skemmst er frá að segja að þó notuð væri 25 vatta stöð og fjarlægðin ekki nema um 500 metrar þá var merkið sem kom í gegn frekar dauft og miklar truflanir með. Þegar síðan var reynt með handstöðinni þá varla heyrðist í henni. Þegar komið var upp að húsunum var prófað með handstöðinni í 10 metra fjarlægð frá loftnetinu og þá loksins kom merkið hreint í gegn. Við athuguðum hvort allar tengingar væru ekki réttar, sem þær voru. Síðan var ákveðið að hringja í sérfræðingana fyrir sunnan og vita hvað væri til ráða. Það var nokkurn veginn samdóma álit að það lægi svo sterk truflun á móttökutíðninni að það kæmist ekkert þar í gegn nema staðið væri undir loftnetinu og vænlegast væri að setja bandpass filter á græjuna eða eitthvað í þeim dúr. Þar sem slíkt var ekki handbært þá var endurvarpinn tekin úr sambandi.

TF5S Stefán Þórhallsson sem var í sinni venjulegu sumardvöl á Akureyri hafði sömu hugmyndir og þótti ótækt að láta tækið standa þarna ónotað sagðist eiga filter sem hann væri tilbúinn að lána til prufu. Aftur var farið á heiðina og filterinn tengdur og nú höfðum við TF5BG Bárð, til að prófa á móti okkur en hann var úti í Hrísey með 5 vatta handstöð og rubberduck loftnet. Viti menn nú virkaði græjan og mótun komst í gegn. Þannig var hann notaður um tíma en alltaf þurfti frekar sterkt merki og góðar aðstæður til að komast í gegn. Filterinn hans Stefáns var þannig að hægt var að taka útaf helmingnum af honum og var það prófað næst. Var það til bóta og þurfti nú ekki eins sterkt merki til að komast í gegn.

Það vantaði þó mjög mikið uppá að það næðist

samband við endurvarpann frá öllum þeim stöðum sem radíóvitinn hafði heyrst ágætlega á.

Ég hafði þó samband við TF3GW sem kom að austan og fór til Vopnafjarðar og um 10 km. austur frá Þjóðvegi 1 á leið til Vopna náðum við ágætlega saman gegnum endurvarpann en Þór er með 50 vatta stöð og loftnet á miðjum topp á bílnum en hann varð aftur á móti ekki var við endurvarpann frá staðnum norðan við Húsavík sem minnst er á áður.

TF3GW fékk lánaðan, hjá Síma frænda, annan bandpass filter sem stilltur var nákvæmlega fyrir móttökutíðni endurvarpans og sendi mér norður og var því næsta mál að koma honum fyrir í móttökurásinni. Filterinn hans Stefáns var tekin burtu á meðan. Skemmst er frá að segja að ég fór sama rúnt og í upphafi sem sagt Akureyri, Húsavík, Mývatn, Fljótsheiði, Akureyri og aðeins hafði ástandið batnað en þó fjærri því að vera nokkur stökkbreyting.

Næst var síðan prófað að hafa báða filterana tengda en það breytti litlu til batnaðar. Filterinn frá Síma frænda var síðan tekin niður og sendur aftur suður og er nú aðeins filterinn hans Stefáns notaður.

Niðurstaðan er því sú að Tóti er komin upp og virkar þokkalega en betur má ef duga skal. Ef ekki er hægt að laga móttökuna þá má gleyma því að tengja saman endurvarpa á Steingrímsfjarðarheiði og Tóta. Nú þarf endurvarpanefndin að leggja sellurnar í bleyti í vetur og koma með hugmyndir sem prófa mætti næsta sumar. Þessar tilraunir þarf þó að gera á mun skipulagðari hátt en gert hefur verið. Það gengur ekki að gera einhverja smá breytingu og keyra síðan rúma 300 km. til að komast að því einu að ekkert hefur lagast.

73 de TF5BW



Hljóðnaður lykill:**Ríkarður Sumarliðason, TF3RS**

f. 28. júní 1916, d. 24 maí 1998

Það var sumarið 1961 og í minningunni eilíf sól. Tvennt bar öllu hærra, ég var kominn með bílpróf og fékk að rúnta á kvöldin á Plymouth '42 hans föður míns, og ég fékk vinnu á Radíóverkstæði landsímans. Ég hafði einfaldlega hert upp hugann og bankað upp á hjá yfirverkstjóranum, Ríkarði Sumarliðasyni. Ég man að hann spurði hvort ég hefði smíðað mikið með transistorum, en ég varð að viðurkenna að mér hefði gengið betur að fá lampataeki til að vinna. Ekki vissi ég þá, að í sameiningu ættum við eftir að stúta ógrynni transistora í fyrstu tilraunum með transistorsenda!

Á þessum árum var radíótæknin sérstakt lén frá guði og hafði, gegnum umboðsmann hans, konunginn af Danmörku, orðið einkaeign Landsíma Íslands. Það var hættulegt að láta almúgann komast í teikningar af sendum og hreint landráð að eiga í fórum sínum kristal í sveiflufaka. Í ljósi þessa ber að skoða skilning Ríkarðs á nauðsyn þess að hlúa að ungum áhugamönnum, og nærrri má geta hvílik opinberun það var að komast í allsnægtir þekkingar, mælitækja og íhluta á Sölvhólsgötunni.

Víðsýni Ríkarðs og djúpstæð tilfinning hans fyrir tækni og tilraunum opnaði ungum mönnum greiða leið inn í þennan heim. Hann taldi rétt og skylt að gefa öllum tækifæri sem sýndu einlægan áhuga, og samtíða mér voru í fóstri hjá Ríkka um lengri eða skemmri tíma, TF3AU, TF3SE, TF3KB, TF3OM, TF3SB og TF3JA

skömmu síðar. Flestir vorum við aðeins verðandi amatörar þegar Ríkki sýndi okkur það traust að ráða okkur í vinnu. Það skilaði sér í margfeldum áhuga, fimm luku tækni- eða verkfræði-prófi síðar og hinir hafa starfað við flug og tölvur.

Þá er ótalinn sá fjöldi manna sem fór hina formlegu leið í iðnnám hjá Landssíma Íslands, og útskrifaðist sem radíóvirkjar undir handarjaðri Ríkka. Sumir þeirra fengu síðar réttindi sem radíóamatörar.

Loks má nefna hreina amatöra, þ.e. þá sem kusu sér annan starfsvettvang. Einnig þeir áttu vísan hauk í horni og nutu óspart áhuga Ríkka fyrir hvers konar tækjasmíði sem þeir réðust í.

Ríkarður nam sem lærlingur á vinnustofu Ríkisútvarpsins, en fræðileg þekking hans var langt umfram það sem vænta mátti eftir iðnnám, sem trúlega var fremur verklegt en bóklegt. Þar komu til óvenju góðar gáfur sem hann nýtti til sjálfsnáms alla tíð. Hann naut álits í tilraunastöðvum Philips í Eindhoven, en þangað fór hann stundum til að kynna sér nýjungar.

Öll starfsemi Radíóverkstæðis landsímans var á könnu Ríkarðs, þar með talin hönnun og framleiðsla talstöðva. Þessar talstöðvar voru afbragðsvel gerðar fyrir okkar fjölbreyttu aðstæður, og smíði þeirra einn merkasti kaflinn í iðnsögu landsins.

Farstöðvakerfið í kringum 2,8 MHz, með kallfíðnina 2790 kHz, var einstakt. Það

byggðist upp fyrir 30 - 40 árum, og það er ekki fyrir en með tilkomu farsíma að aðrar þjóðir nota þráðlaus fjarskipti í jafn útbreiddum mæli. Nærri tvö þúsund bílar, loftskreyttastöðvar um land allt, afskekktir staðir, lögregla, rafveitur, sími, stjórnstöðvar vegamála og björgunarsveitir voru í beinu sambandi í þessu kerfi. Og ekki gat það hrunið í neyð, því það var ekki alfarið háð neinni miðstöð. Að öðrum ólöstuðum má fullyrða að þetta hafi verið verk Ríkka fyrst og fremst.

Af ofansögðu má ljóst vera að Ríkarður var snjall frumkvöðull og uppalandi nýrrar kyn-slóðar tæknimanna. Þá skiptu mannkostir hans ekki minnstu máli, hógværð og réttisýni. Eins og títt er um þá sem hugsa öðrum mönnum meira, sá Ríkarður út fyrir sinn heimarann og daglegt amstur. Þátttaka hans í hreyfingu esperantista ber því vitni, og þótti mér vænt um að leiðir hans og Hannesar Högna sonar míns lágu saman í þeim félagsskap.

Ríkarður var í Í.R.A. frá byrjun, og hafði sjálfur kallmerkið TF3RS. Þó hann tæki ekki þátt í félagsstarfinu nema fyrst, fannst honum alltaf sjálfsagt að styðja það með aðild sinni. Mér vitanlega var hann aldrei virkur í DX á stuttbylgju, þótti víst nóg að fá einstaka starfsmann vansvefta í vinnuna á mánudagsmorgni eftir CQ-keppni. Áhuginn beindist fyrst og fremst að tækninni. Hann var með þeim fyrstu til að gera tilraunir á 2 m hér á landi, og lýsti eitt sinn fyrir mér VHF sambandi sem hann hafði úr Garðinum til Reykjavíkur, ekki löngu eftir stríð.

Ríkki var með eindæmum greiðvikinn maður. TF3OM segir sín fyrstu kynni af Ríkka hafa verið þau, að á fermingaraldri eyddi Gústi sumarhýru sinni í AVO-mæli. Einhvern veginn tókst honum að brenna

mælinn yfir, og þegar umboðið gafst upp á að laga hann, fylgdu þau orð að Ríkarður nokkur Sumarliðason væri einasti maðurinn á landinu sem gæti hugsanlega orðið að liði. Og það gekk eftir. Sjálfur fékk ég að hjálpa til við að laga útvarpstæki frá því fyrir stríð, sem voru í eigu öldunga sem ekki kunnu við hljóminn í öðrum tækjum, og settu allt sitt traust á Ríkka eftir að útvarpsvirkjar afskrifuðu hjallana þeirra endanlega sakir fornfánleika og varahlutaskorts.

Mér hefur oft orðið hugsað til Ríkarðs síðustu misserin, sá fyrir mér að ég gæti rætt við hann í góðu tómi og fræðst um sögu amatöra og radiótækni á Íslandi. Sömuleiðis fannst mér tími til kominn að gera hann að heiðursfélaga í Í.R.A. og kalla saman af því tilefni þá amatöra sem höfðu mest af honum að segja. En ég hélt að nægur tími væri til stefnu, mér fannst Ríkki enn ungur, fráleitt orðinn áttraður. Enn og aftur minna forlögin okkur á að straumur tímans verður ekki stöðvaður, við erum sí og æ að glata óskráðri sögu.

Ég þakka Ríkarði fyrir handleiðsluna, og veit að ég tala fyrir munn annarra lærisveina hans.

Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX

Tillögur til lagabreytinga

Mig langar til að efna til umræðu um ákveðnar lagabreytingar sem ég hef í hyggju að leggja fyrir næsta aðalfund félagsins.

Í núverandi lögum félagsins undir Félagsfundir er 15. grein sem hljóðar svo:

Stjórn boðar til almennra félagsfunda. Henni er skylt að gera það ef 12 leyfishafar hið minnsta æskja þess.

Mín tillaga er sú að 15. grein hljóði svo:

Stjórn boðar til almennra félagsfunda. Henni er skylt að gera það ef 12 leyfishafar hið minnsta æskja þess. Félagsfundir skal ætíð halda seinni part laugardags sé þess nokkur kostur. Boðað skal til félagsfunda með amk. viku fyrirvara nema í algerum neyðartilfellum.

Rökstuðningur.

Félagsfundur sem haldin er í miðri viku gerir þeim félögum Í.R.A. sem búa utan höfuðborgarsvæðisins nánast ókleyft að mæta á slíkan fund. Það að boða til félagsfundar með amk. viku fyrir vara þarfnast varla útskýringa og þó. Það hefur komið fyrir að fundarboð hafa borist daginn sem átti að halda fundinn eða jafnvel daginn eftir. Með þessu er ég ekki að segja að það hafi komið fyrir já núverandi stjórn en þetta hefur komið fyrir og því ekki að setja undir lekann.

Undir Aðalfundur er 17. grein og hljóðar hún svo: Aðalfund skal halda fyrrihluta febrúarmánaðar ár hvert. Aðalfundur er löglegur ef til hans er boðað bréflega með tveggja vikna fyrirvara.

Mín tillaga er sú að 17. grein hljóði svo: Aðalfund skal halda fyrrihluta júnímánaðar ár hvert. Aðalfundur er löglegur ef til hans er boðað bréflega eða með auglýsingu í CQ TF. Fundarboð skal pósthleggja ekki síðar en þrem vikum fyrir fundardag.

Rökstuðningur.

Aðalfundur í fyrrihluta febrúar gerir þeim sem búa utan höfuðborgarsvæðisins nánast útilokað að mæta á fundinn. Ég minnst þriggja aðalfundarferða héðan að norðan fyrir nokkrum árum þar sem við lentum í brjáluðu veðri annaðhvort á leið suður eða á leið

heim og eftir það hefur ekki verið gerð tilraun til slíkra ferða.

Mér finnst komin tími til að breyta þessu þar sem félagar í ÍRA búa orðið vítt og breytt um landið. Ég er ekki með þessu að segja að félagar utan höfuðborgarsvæðisins muni mæta frekar á fundi hjá félaginu en með þessari breytingu er þeim þó gert það kleyft og það finnst mér aðalmálið.

Í 20. grein þarf síðan að breyta því að fjárhagsárið miðist við 31. desember í að það miðist við 30. apríl ár hvert.

Látið nú skoðanir ykkar á þessum tillögum í ljós og verið óhrædd við að hafa samband við mig

Brynjólfur Jónsson TF5BW
Pósthólf 121
602 Akureyri
Sími 462-3058
E-Mail tf5bw@nett.is

Frá Ritstjóra

Ágætu félagar. Enn einu sinni langar mig til að þakka fyrir góðar viðtökur á blaðinu okkar og ég endurtek **okkar.**

Útgáfan hefur gengið vel til þessa og þokkalega hefur gengið að fá efni í blaðið. **En það sér hver maður að það gengur ekki til lengdar að einungis þrjú til fjórir félagar skrifi allt efni sem í blaðinu kemur.** Mér hefur skilist að við, félagar í Í.R.A., séum ánægð með að fá blaðið þetta fjórum til fimm sinnum á ári. **En fjölgi ekki þeim sem í blaðið skrifa er alveg morgunljóst að tölublöðum mun fækka og að endingu leggst blaðið af og hættir að koma út. En það er kannski það sem við viljum? Ekki held ég.** Takið ykkur nú saman í andlitinu og skrifið um áhugamálið. Hvað er um að vera á 6 metrum, VHF, UHF, tölvufjarskiptum, gervi-tunglasamböndum og fl. og fl. **Á ég virkilega að trúa því að það séu allir steingeldir og ekkert sé um að vera. Þetta þurfa ekki að vera hálærðar né langar greinar.**

Ritstjóri TF5BW.

G3XTT í tjaldútilegu á Íslandi

Eftirfarandi er hluti af grein eftir Don Field G3XTT, sem birtist í september 1997 eintakinu af "Ham Radio Today".

Ég skrifa þessa grein daginn eftir heimkomu mína eftir tjaldferðar útilegu á Íslandi. Ég ákvað að taka með mér stöðina mína, Icom IC-735 með í ferðalagið og vonaðist eftir að geta náð nokkrum samböndum seinni part dags og á kvöldin.

Það sem gerir CEPT leyfið svo sérstakt er að þú þarft ekki að vinna neina pappírs-vinnu áður en lagt er í "hann".

Í ferðalagið tók ég einnig með mér trausta 9 metra glertrefja veiðistöngina mína og ætlaði henni að vera sem upphengipól fyrir loftnetið mitt. En þar hófust mín fyrstu vandræði.

Þar sem ég er enginn veiðimaður í mér vissi ég það ekki að til að koma með veiðibúnað til Íslands yrðir þú að hafa uppáskrift dýralæknis um að búnaðurinn hafi verið sótthreinsaður.

Svo, sárasaklaus, með stöngina á öxlinni, var ég stoppaður í tollinum. Þrátt fyrir útskýringar mínar að veiðistöngin væri ætluð til allt annara nota en veiða, í landi þar sem veiði er lífsstíll, var augsnýlega svo hjákátleg að þeir hleyptu mér í gegn að lokum.

Í heild náði ég að vera í loftinu 4 skipti, allt síðla kvölds, (ekki það að það verði dimmt í júlí á Íslandi) í einnar viku frí mínu. En ég var stórunrandi að ná yfir 1100 samböndum, aðallega á 40, 30 og 20 metrunum.

Ég notaði ¼ bylgju "vertical" sem festur var með límbandi við veiðistöngina og sem aflagjafa notaði ég rafgeyminn úr bílaleigubílum.

Síðara vandamálið var að rafgeymirinn var orðinn ansi dapur og þegar spennan féll niður fyrir ákveðinn punkt, þá lenti ég í vandamálum með stöðina. Þegar ég komst að hvað vandamálið var, var lausnin sú að láta bílvélina vera í gangi á meðan ég væri í loftinu.

Það sem kom mér á óvart hve mikið "pile-up" var, með það í huga að hve Ísland var algengt (radíólega séð). Jafnvel síðasta kvöldið sem ég var í loftinu ákvað ég að kalla síðasta "CQ" á 30 metrunum. Að lokum varð þögn á tíðninni 147 samböndum og 70 mínútum síðar.

Þegar ég kom heim voru þegar komin nokkur QSL kort beint, þar á meðal eitt frá G3C. stöð, með skilaboðum um að í 50 ár í loftinu hafði hann aldrei fengið QSL kort frá Íslandi.

Svo að ég held grunnur sögunnar sé sá að það er auðvelt að vanmeta eftirspurn eftir samböndum, jafnvel frá löndum sem eru hálfsgjaldgæf (s e m i - r a r e) ,

sérstaklega á ákveðnum böndum.

Að mínu mati jók það talsvert á ánægju ferðalagsins hve vel til tókst. Og aukinn ávinningur var sá að þegar ég var að setja upp loftnetið á einu af tjaldstæðum, kom ókunnugur maður til mín og kynnti sig sem TF300, einn af heimamönnum. Svo við höfðum möguleika á að skiptast á skoðunum, og auðvitað fór vel á með okkur, báðir með sama áhugamálið, þrátt fyrir að við höfðum aldrei sést fyrr eða haft samband í loftinu.

þýtt og endursagt TF3AO



Heimsókn hjá TF3EA í Reykjavík


Grein sú er hér fer á eftir birtist í norska Amatørradio nr. 10, 1971.

Að TF3EA þýðir virkni á VHF sannreynði ég eitt sinn er ég dvaldi með lengra móti á Íslandi. Eftir að hafa hlustað talsvert á 20 m vissi ég að ýmislegt óvenjulegt var á seiði á VHF böndunum á Íslandi.

Það var því bæði með tilhlökkun og spenningi sem ég beið eftir að hitta Einar. TF3EA hefur leyfi nr. 1 á Íslandi og hefur verið radióamatör um árabíl.

Röð af heiðursskjölum á veggjunum, til dæmis WAC, WAZ, WBE, WAS og DXCC staðfesta þetta.

Tækjabúnaður Einars á HF böndunum er Swan 350, heimasníðaður línulegur magnari og tveggja elementa quad. QTH er fullkomið séð með mínum



augum, bara 200 m frá sjó. Aðal áhugamál Einars er VHF en með bara tvær virkar VHF stöðvar á Íslandi (vona að ég fari rétt með) er svo að segja ómögulegt að fá sambönd innanlands. Hvað er þá eðlilegra en

að senda tveggja metra merkin til Englands? Á 144 MHz hefur Einar HW-17 (nokkuð breyttan) sem hann notar til að knýja heima sníðaðan línulegan magnara með 4CX250. Aflið inn er um það bil 250 W. Viðtækið er Collins með margfeldisskynjara og MOSFET tíðnibreytir. Heimasníðaður tíðnikvarði gefur út merki með 1 MHz, 500 kHz, 100 kHz, 10 kHz, eða 5 kHz millibili á VHF böndunum.

Það ætti nú að vera flestum ljóst að tveggja metra starfið hjá TF3EA er ekki eins og við eigum að venjast hér heima. Þetta eru ekki sambönd milli bæjarhluta, 59 + 60 dB með innanhús loftneti.

Samböndin við England byggjast á endurkasti



radióbylgna frá loftsteinum (Meteor Scatter = M S). Fimbuljónað E-lag (Sporadic - E) og

norðurljós gefa líka möguleika en vegna legu Íslands miðað við meginland Evrópu eru norðurljósa-skilyrðin nokkuð sérstök. Lögin sem endurkasta radióbylgjunum verða að hafa ákaflega sérstaka legu til þess að hægt sé að ná samböndum suður á bóginn. Eitthvað auðveldara er að ná sambandi við stöðvar á um það bil sömu breiddargráðu svo þið sem búið í Þrændalögum og norður eftir, snúið stefnu-loftnetinu í vesturátt. Einar vill gjarnan komast í samband við áhugasama 2 m amatöra í norður hluta Noregs.

Dálítið sérstakt er það líka að hann skráir á sírita



merkin frá n o r s k r i sjónvarpsstöð til að fylgjast með skilyrðunum á VHF. Hvað er svo loftsteina-samband? Það er líklega réttast að segja að þetta er ekki neitt v e n j u l e g t

QSO, því það getur tekið mánuði áður en viðurkennt samband næst.

Ástæðan er sú að merkin koma venjulega sem kling (pings) og hrina (burst). Þar sem eitt kling er ákaflega stutt þarf helst að senda á samanþjöppuðu formi. Til dæmis er hægt að nota háhraða morse. Venjulega í kringum 250 bókstafi á mínútu. Götunarvél og strimilsendir eru því nauðsynleg hjálpartæki. Ein hrina er nógu löng til að taka á móti

töluverðum upplýsingum, en eitt kling er svo stutt að varla nægir til að koma kallmerki til skila. Svona sambönd gera miklar kröfur til tíðnikvörðunartækja og stöðugleika. Tíðni nákvæmni betri enn 200 Hz er talin nægileg.

Til þess að hafa loftsteinasambönd við fjarlægjar stöðvar er mikilvægt að vita fyrir fram um legu loftsteina, fjölda þeirra og áfallshorn. Með þessari vitneskju er hægt, með mikilli nákvæmni að reikna út besta tíma, lofnetsstefnu og loftnetshorn fyrir samband milli tveggja stöðva.

TF3EA hafði sitt fyrsta samband við England á 144 MHz þann 6. maí 1970. Hann hefur nú sem markmið að ná sambandi við England á 432 MHz. Hvort þetta hefur tekist ennþá veit ég ekki. Jæja hægt væri að skrifa mikið um þessi mál og um Ísland og fólkið þar en tilgangurinn með þessari frásögn er bara að reyna að vekja nægilegan áhuga hér í Noregi til að einhverjir fari að vinna af alvöru á þessu sviði. Hittumst heil á MS. 73 de LA7PC

Skildi Einari hafa tekist að ná sambandi við England á 432 MHz? Ef til vill getur einhver, sem man þessa tíma frætt okkur um það. Þetta minnir mig á tillögu TF3HP (Stjórnarfundur 3. september 1997) um að “kalla saman fund með elstu amatörunum sem við vitum um og fá þá til frásagnar úr gamla tímanum.”

Sem dæmi um ágæta frásögn úr gamla tímanum vil ég benda á mjög skemmtilegt viðtal sem TF3JB hafði við Inga Sveinsson TF3SV. Viðtalið birtist í CQ TF 1. tölublaði 1978.

Ekki megum við heldur gleyma nútímanum. Fjöldi Íslenskra amatöra hefur T leyfi og ég er viss um að það er margt spennandi sem þeir eru að glíma við á VHF og hærri tíðnum.

Próunin á stafræna sviðinu er ör og stöðugt aukast möguleikarnir á notkun gervihnatta. Það væri mikill fengur fyrir okkur, sem erum aðallega á HF böndunum að fá grein í CQ TF um þessi mál.

73's de LA0BX (TF5SJ)

Til sölu / Óskast

Drake TR7 TX/RX (150W).

Þetta tæki hefur aldrei verið notað í sendingu aðeins í SWL. Þetta er fyrsta flokks tæki, getur verið á öllum amatörböndum og utan þeirra. Hafa hlotið frábæra dóma í öllum amatörblöðum.

Nánari upplýsingar gefur TF3SA Stefán Arndal í heimasíma 557-3230, eða uppi í Gufunesi.

Yaesu FT7.

Sem alþjóð veit þá á Halldór, TF3GC undrataekið Yaesu FT7 (25W).

Þetta undrataeki er falt hæstbjóðanda. Áætlað lámarksverð er 15.000 kr.

Sími hjá Halldóri er 565-7354.

Móttakari eða skanner óskast.

Móttakari eða skanner óskast. MJÖG ÓDÝRT. Ef þið eigið og viljið losna við hann, hafið þá samband við: Jóhann Friðriksson, Strembugötu 22, 900 Vestmannaeyjum, Sími: 481-1642.

QSL KORT.

Þeir sem hafa hug á að vera með í samþrentun á QSL kortum láti TF3VST, Villa vita sem fyrst.

Ef nokkrir taka sig saman þá er hægt að fá býsna gott verð á prentun.

Látið Villa vita helst með tölvupósti til: vilhj@vortex.is eða í pósthólf félagsins, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík, með hefðbundnum pósti, eða hitta hann á fimmtudagskveldi í félagsheimilinu, einnig má prófa í stöð á 2m tíðni, í neyð að hringja heim í síma 564 1292, *en alls ekki í vinnuna!*



DX-ari til dauða

- 5:00 DX-amatörfélagarnir mættir. Skrið úr hlýju bólinu.
5:30 Vippa tækjunum í bílinn.
5:45 Tek tækin úr bíl nágrannans og set þau í minn.
6:00 Fæ sekt fyrir hraðakstur við að flýta mér til fjalla.
7:15 Kem á leiðarenda ekki fjærri fjallstindinum.
7:16 Byrjum að afferma bílinn.
7:20 DX-félagi potar 20m vertikal í augað á mér.
7:50 Mæti á slysavarðstofuna til að láta búa um augað.
8:30 Fæ aðra hraðaksturssekt fyrir að flýta mér til fjalla.
8:45 Kominn á leiðarenda. Tek loftnetið sjálfur úr bílnum í þetta skipti.
9:45 Geng með búnaðinn á fjallstindinn. Fell í öngvit af áreynslunni.
9:50 Vakna við ilmsölt og hlátur DX-félaganna.
10:00 Set upp loftnetið og stöðina.
10:15 Kveiki á stöðinni, kalla CQ í hálf tíma, ekkert svar.
10:46 Tengi loftnetskapalinn við stöðina...
10:48 Geri mér grein fyrir að útgangurinn á stöðinni er ónýtur.
10:50 Tengi varastöðina, í þetta skipti einnig við loftnetið.
11:00 Kalla CQ, sjaldgæfur Vp8 svarar, loftnetið fer um koll...
11:15 Vakna við ilmsölt, DX-félagarnir hrista hausinn.
11:30 Staga loftnetið.
12:05 Sé langan lista af QSO-um DX-félaganna.
12:06 Tek eftir sjaldgæfu Vp8 í logbók.
12:07 Lem DX-félaga í hausinn með logbókinni.
12:09 DX-félagarnir reyna að hemja mig...
12:30 Aftur í stöðina til að reyna meira.
12:35 Eldingu lýstur niður og eyðileggur móttakarann. Tek eftir blautum buxum...
12:36 Leita skjóls.
12:38 Finn helli.
12:41 Sé loftnetið verða fyrir eldingu úr hellinum.
12:42 Óska að það væri frekar loftnet DX-félagans, eða hann sjálfur...
12:45 Átta mig á því að einhver annar er í hellinum.
12:46 Tek upp stóran stein...
12:47 Pirrað bjarndýr þjarmar að mér.
12:50 Er dreginn út úr hellinum af DX-félögunum.
13:05 Fellst á að fara á slysavarðstofuna.
13:30 Kem á heilsugæsluna.
13:55 Fæ fjöldan allan af kvalafullum sprautum og saumsporum.
14:30 Fer af heilsugæslunni og sný heim.
14:35 „Útskíri” sporin og augnumbúðirnar fyrir konunni.
15:00 Átta mig á því að búnaðurinn er enn á fjallinu ásamt birninum.
15:01 Óska þess að DX-félagarnir væru enn á fjallinu ásamt birninum...
15:03 Hugleiði að gerast drykkjumaður.
19:00 Fæ símhringingu frá DX-vinunum.
19:05 Fellst á að fara í DX-leiðangur aftur á morgun...

Úr Ýmsum áttum

Scandinavian Activity Contest.

Jorgen Romming, OZ1JSH Sem er HF keppnisstjóri EDR og keppnisstjóri fyrir SAC 1998 vill minna okkur á SAC keppnina sem verður 3. og 4. helgina í september.

Hann segir að reglum hafi ekki verið breytt síðan 1997 og að hægt sé að nálgast reglurnar á netinu á slóðinni <http://www.sk3bg.se/contest> undir September 1998. Ef þið hafið einhverjar spurningar um keppnina þá er hægt að senda honum E-Mail til oz1jsh@roemming.dk eða jr@mak.dk. Hann mun setja alla logga sem berast, á heimasíðu sína á netinu og slóðin þangað er <http://www.roemming.dk>. Að lokum vonast hann eftir góðri þátttöku

Heimild Tölvupóstur.

Radíóamatör forsætisráðherra Japan.

24. júlí síðastliðin var Keizo Obuchi, þá verandi utanríkisráðherra Japan og þingmaður á Japanska þinginu, kosin formaður flokks síns "The Liberal Democratic Party".

Obuchi, sem er félagi í JARL og góðvinur JA1AN Shozo Hara, forseta JARL, fékk amatörleyfi 1975 og hefur kallmerkið J1KIT og hefur verið ötull stuðningsmaður JARL og Japanska amatörsamfélagsins.

Sem formaður LDP var Obuchi síðan kjörinn forsætisráðherra Japan 30. júlí síðastliðin

Heimild TF3KB

ON4CLM.

11. nóvember 1944 var borgin Knokke í Belgíu frelsuð undan oki nasista af Kanadískum hermönnum. Mannfall varð mikið. Þessa atburðar er nú minnst í 16. skiptið og mun sérstakt kallmerki, ON4CLM, verða notað eins og venjulega. Stöðin mun verða í loftinu frá 30. október til 7. nóvember. Allir amatörar og hlustarar sem hafa samband við eða heyra í stöðinni geta sótt um sérstakt Award sem kostar 5.00 dollara eða 10 IRC'a. Tíðnirnar sem stöðin verður á eru: SSB 3.685, 7.045, 14.145, 18.150, 21.245, 28.545. CW 3.515, 7.012, 10.118, 14.020, 18.087, 21.020, 28.020.

Heimild Tölvupóstur.

Nýtt DXCC Land.

ARRL Awarda nefndin hefur samþykkt meðmæli frá "ARRL DX Advisory Committee" um að bæta Temotu héraði í Solomon eyjum við DXCC listan. Þessi ákvörðun tekur gildi með samböndum sem höfð hafa verið kl. 23.59 UTC 31. mars 1998 eða seinna.

DXCC afgreiðslan mun taka á móti QSL kortum fyrir Temotu hérað (H40) frá og með 1. október 1998. QSL kort sem send verða fyrir þann tíma verða endursend.

Í Temotu héraði eru Santa Cruz, Reef, Duff og Vanikolo eyjaklasarnir. Þeir eru í meira en 356 km. fjarlægð frá aðal Solomon eyjaklasanum.

Heimild 425 DX News

YL Contest.

.Hollenska YL nefndin stendur fyrir árlegum HF Contest aðra heilu helgina í janúar sem að þessu sinni er 9. og 10. janúar 1999.

Tímabilin eru á laugardag 9. janúar CW frá 14.00 til 20.00 UTC og á sunnudaginn 10. janúar SSB frá 08.00 til 14.00 UTC

Refaveiðar laugardaginn 26. september.

Upphafsstaður: Þróttheimar

Tími: 13:30

Refurinn verður amk. á hinum hefðbundnu 80m en reynt verður að útvíkka þetta núna og hafa einnig 2m ref.

Komi sem flestir og hafi börn og ungingla, vini og vandamenn með til að sem flestir taki þátt.

73 de TF3VST

Félagar
Gjaldkeri minnir á
félagsgjöldin.

Frá Knarrarósvita



Fyrir framan vitann. F.V. TF3HP, TF3VST, TF3GC, TF3FK, TF3GB, Jökull, TF3AO og TF3VET
Myndina tók TF3TXT

Næsta CQ TF kemur út í byrjun desember og þarf efni í það blað að hafa borist ritstjóra fyrir 15. nóvember.



CQ TF

ER FÉLAGSBLAÐ ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA

YAESU